

MENNING



Litgrafík er óljóðrænt efni að vinna í sökum mengunar. Ljós.: Sig.

Myndlist

Landslagsminni

Rætt við Jón Reykdal um sýningu hans á Kjarvalsstöðum en henni lýkur nú um helgina

Um þessar mundir stendur yfir sýning á verkum Jóns Reykdals í vestursal Kjarvalsstaða. Jón Reykdal er kannski fyrst og fremst þekkt-

ur sem grafiker en þessi sýning Jóns er með öðrum formerkjum en venjulega. Við fengum því Jón til að segja okkur nánar frá sýningunni.

Já, það er rétt ég er fyrst og fremst grafiker. Þó var ég með blandaða sýningu 1980 í Norræna húsinu þar sem ég sýndi bæði olíumálverk og grafík.

Verkin á þessari sýningu eru olíumálverk og þurrkítarmyndir. Þetta eru fyrstu þurrkítarmyndir sem ég sýni. Þurrkít er kölluð pastel á útlendum málum og af þeim er tísuorðið pastelítir dregið. Í myndlist notar maður mikið fleiri en þessa hefðbundnu tiskutóna. Sumir myndlistarmenn taka olíukrítina fram yfir þurrkítina en mér finnst þurrkít mjög skemmtilegt efni til að vinna með. Þetta er hreint litarefni með smá bindiefni steypit í krítar.

Undirbúningur að þessari sýningu hefur staðið yfir í tvö ár. Ég er ekki að segja að ég sé kominn með magasár hennar vegna heldur hef ég tekið þetta eins og venjulega vinnu frá klukkan átta á morgnana til sex á kvöldin. Ég hef tekið því mjög rólega nema síðasta árið vann ég að fullum krafti.

Ég hef skipt vinnunni niður í tímabil. Málað í olíu í nokkra mánuði og síðan unnið samfleytt í

þurrkít kannski þrjú mánuði í einu. Svo hef ég fengið við vatnslitamyndir þó þær séu ekki með á þessari sýningu. Ég geymi þær til betri tíma.

Óður til náttúrunnar

Er hægt að tala um ákveðið þema á sýningunni?

Þetta eru landslagsmyndir sem eru alls ráðandi eða á ég kannski að segja náttúruupplifanir, óður til náttúrunnar. Myndirnar eru þó ekki landslagsmyndir í hefðbundnum skilningi ekki fjallaefirhermur án þess að ég vilji hnýta í hefðbundnar landslagsmyndir. Það hefur bara ekki hentað mér. Í myndunum eru engin fjöll sem hægt er að þekkja, myndirnar eru frekar huglægs eðlis og gerðar undir áhrifum frá ferðum um landið. Ég geri skissur og tek ljósmyndir sem vinnuefni en nota þær aldrei beint. Skissurnar mótast síðan í rás tímans og ummyndast. Minni frá ferðalögum er kannski betra nafn á þema sýningarinnar.

Ég hef tekið alveg helling af ljósmyndum af ýmsu sem ég sé sem eru nokkurs konar minnispunktar. Ég glugga oft í þetta mörgum árum seinna og uppötva eitthvað sem ég var að spekulera í fyrir nokkrum árum og er núna fyrst að koma fram. Það þarf vissan tíma til að melta hlutina.

Annað sem er alls ráðandi í myndunum er birtan eða ljósið, það er að segja hin síhvikula birta og sem ég vona að komi fram í myndunum.

Skokk

Nú er þetta stór sýning.

Ég sýni 65 verk, meirihlutinn eru þurrkítarmyndir. Eins og ég sagði áðan hef ég mikið fengið við grafík og þá aðallega litgrafík þar sem vinnuferlið er mjög seínlegt og ég geri þess vegna örfáar myndir á ári. Í olíu og þurrkít getur maður unnið mikið hraðar og breytt myndunum, málað ofaní æ ofaní æ. Það er hinsvegar verra í grafíkinni. Maður verður að skipuleggja vinnuna betur. Það er erfiðara að breyta, því í grafík er um svo marga milliliði að ræða áður en endanlegu útliti myndarinnar er náð.

Það aðvinna í þurrkít og olíu hefur því verið leið til að endurnýja mig. Ég hef alltaf teiknað mikið og fengið útrás fyrir það í þurrkítinni. Maður stírnar svo í þessum seínlegu vinnubrögðum í grafík svo hef ég verið að skokka svolítið og líðka mig til.

Það er líka annað sem gerist að í grafíkinni ertu yfirleitt með litlar myndir en í þurrkít og málverki gefst tækifæri til að vinna á stærri flöt, vinna stærri verk meðan í grafíkinni gerir maður yfirleitt smærri verk.

Mig langaði líka til að vinna svolítið stærra og á þessari sýningu eru verk sem rúmast ekki í heimahúsinu. Þegar maður vinnur sýningu fyrir svona stóran sal eins og Kjarvalsstaði verður maður að hafa nokkrar stórar myndir til að halda þeim minni saman.

Alltaf bjartsýnn

Ertu þá hættur í grafík?

Ég hef alltaf unnið í tvo miðla, litgrafík eða sáldþrykk og gamaldags dúkristu og ætla að fást áfram við dúkristuna. Hún er mjög heillandi en ég er hins vegar hættur í litgrafíkinni í bili. Hún var alveg að drepa mig því það er notað svo mikið af heilsuspillandi efnum í henni. Það er heldur óljóðrænt að vinna í litgrafík eða sáldþrykkinu sökum mengunar þó aðferðin sjálf sé heillandi og bjóði upp á mikla möguleika.

Ög að lokum hvernig hefur gengið?

Sýningin hefur gengið vel og salan líka einkum á þurrkítarmyndunum. Ég er búinn að selja tæplega 20 myndir. Það verður svo bara að reikna þetta út þegar upp er staðið hvort maður nær Dagsbrúnartaxta við vinnuna þegar kostnaðurinn hefur verið dreginn frá.

En ég er alltaf bjartsýnn það þýðir ekkert annað. Ég er allavega í starfi sem ég er ánægður með og mæti klukkan átta og stend mína plikt. Það þýðir ekkert að bíða eftir andanum þá hefði þessi sýning aldrei orðið til.

aró.



Þjóðsaga, olíumálverk 1985.